

## Tillaga til ályktunar

- Leikmannssamningar í 2. deild kvenna -

## Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

REGLUGERÐ KSÍ  
um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

## IV. kafli. SAMNINGAR LEIKMANNA

14. gr.

## Samningsgerð

14.5 Aðeins félögum í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna, ~~og 2. deild karla~~ **og 2. deild kvenna** er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabíla í efstu deild karla, en þrjú keppnistímabíla í efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna ~~og 2. deild karla~~ **og 2. deild kvenna**, sbr. þó næstu grein.

Breyting þessi taki gildi 27. febrúar 2024

## Greinargerð

Ljóst er að knattspyrna kvenna hefur vaxið mikið á undanförunum árum, bæði hér heima og erlendis. Á komandi keppnistímabili hafa 13 félög skráð sig til leiks í 2. deild kvenna og er um að ræða deild sem hefur á að skipa mörgum félögum með öflugt kvennastarf fyrir börn og unglinga.

Aðeins er hægt að gera Sambandssamning við leikmenn í 2. deild kvenna sem hefur þann stóra ókost að félög í 2. deildinni geta ekki lánað efnilega leikmenn upp í 1. deild eða efstu deild til að máta sig við meiri samkeppni.

Að ekki sé í boði að gera Leikmannsamning vinnur annars vegar gegn hagsmunum leikmannsins sem vill prófa að spila í sterkari deild en vill hafa þann möguleika að fara aftur til uppeldisfélagsins, t.d. í félagaskiptaglugga, ef hún leikmaðurinn fær ekki spilatíma.

Að ekki sé í boði að gera Leikmannsamning vinnur hins vegar gegn hagsmunum uppeldisfélagsins sem vill lána leikmann í X tíma, jafnvel heilt tímabil, en vill svo fá leikmanninn til baka á næsta tímabili, t.d. ef félagið er þá komið í deild ofar. Eða ef áhugi er á leikmanninum erlendis frá þá skiptir máli fyrir hagsmuni uppeldisfélagsins að leikmaðurinn sé seldur beint út frá félaginu án milligöngu félags í 1. deild eða efstu deild. Hagsmunirnir eru enn ríkari út af mun á uppeldisbótum karla og kvenna.

# 78. ÁRSPING



24. FEBRÚAR 2024 – ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐ FRAM Í ÚLFARSÁRDAL, REYKJAVÍK

Auk þessa yrði félögum í 2. deild kvenna gert kleift að lána leikmenn í önnur félög í sömu deild. Fleiri lið geta gert samninga við leikmenn en boðið þeim uppá þann möguleika að fá reynslu hjá öðru liði ef þeir fá ekki mínútur í sínu liði og fleiri leikmenn fá mínútur í meistaraflokksknattspyrnu.

Einnig er horft til þess að auknir möguleikar á fleiri tímabundnum félagaskiptum geta leitt til þess að lið sem nú eru að koma fótum undir eða styrkja starf í meistaraflokkum kvenna í knattspyrnu ættu meiri möguleika á að fá tímabundna aðstoð frá mun fleiri liðum en nú er.

Tillagan veitir því félögum í 2. deild sem og leikmönnum þeirra félaga sama sveigjanleika og félög í 1. deild og efstu deild njóta og verndar um leið hagsmuni beggja.

**Haukar**